

Ed.

756. Nefndarálit

[190. mál]

um frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fundi nefndarinnar komu hagsýslustjóri og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis. Enn fremur fékk nefndin til viðtals orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins, þar sem nefndin telur sérstaka þörf á að endurmeta fjárveitingar til orkumála vegna breyttra aðstæðna af völdum hækkandi orkuverðs síðan lánsfjáráætlun var samin, eins og fram hefur komið hjá fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra. Fékk nefndin í hendur álitserð iðnaðarráðherra varðandi olíusparandi aðgerðir á árinu 1979, sem er nú til athugunar hjá ríkisstjórninni. Var sérstaklega haft samband um þetta við fjármálaráðherra og kom fram hjá honum, að hann mun gera nánari grein fyrir viðhorfi sínu við 2. umræðu. Nefndin leggur því til að frv. verði samþ. óbreytt, en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes skrifa undir með fyrirvara.

Alþingi, 15. maí 1979.

Jón Helgason,
form., frsm.

Ólafur Ragnar Grímsson,
fundaskr.

Karl Steinar Guðnason.

Ágúst Einarsson.

Geir Gunnarsson.

Jón G. Sólnes,
með fyrirvara.

Ey. Kon. Jónsson,
með fyrirvara.